

Fimmtudaginn 2. maí 1985.

Nr. 12/1985. **Ákærvaldið**  
 (Þórður Björnsson ríkissaksóknari)  
 gegn  
**Guðna Fal Stefánssyni**  
 (Örn Clausen hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu að ósk ákærða með stefnu 9. janúar 1985. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að refsing verði þyngd.

Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 14. mars 1985.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdóms og færslu til refsíákvæða.

Dómssáttin frá 5. maí 1980 hefur ekki ítrekunaráhrif samkvæmt 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, þar sem ákærði var ekki orðinn 18 ára gamall þá, sbr. 1. mgr. 71. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Dómssáttirnar frá 19. maí og 13. október 1981 og dómarnir frá 4. júní 1982 og 11. júlí 1984 hafa ítrekunaráhrif að því er varðar ökuleyfisviptingu ákærða, sbr. áður nefnda 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga en ekki varðandi refsingu hans, þar sem ekki er sérstaklega heimilud aukin hegning við ítrekun brots í 80. gr. umferðarlaga. Hins vegar ber að hafa hliðsjón af sakaferli ákærða við ákvörðun refsingar hans, og ber að staðfesta ákvörðun héraðsdóms um hana.

Ákærði hafði verið sviptur ökuleyfi sínu ævilangt, er hann framdi brot sitt. Ber því samkvæmt 81. gr. umferðarlaga að áréttu, að ævilöng ökuleyfisviptin hans haldist.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

### D ó m s o r ð:

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða, Guðmundar Fals Stefánssonar, og sakarkostnað er staðfest.

Ákærði skal vera sviptur ökuleyfi ævilangt.

Hann greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmans, 8.000,00 krónur.

### Dómur sakadóms Reykjavíkur 10. desember 1984.

Ár 1984, mánudaginn 10. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 584/1984: Ákærvaldið gegn Guðna Fal Stefánssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 23. nóvember sl., á hendur ákærða, „Guðna Fal Stefánssyni, verkamanni, Nýlendugötu 16, Reykjavík, fæddum 5. febrúar 1963 þar í borg, fyrir að aka, sunnudaginn 19. ágúst 1984, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni A-8490 frá heimili sínu áleiðist upp í Breiðholt, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á gatnamótum Kleppsvegur og Laugarnesvegur.

Telst þetta varða við 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar eða til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðru því, sem fram er komið í málinu:

Sunnudaginn 19. ágúst sl. ók ákærði bifreiðinni A-8490 undir áhrifum áfengis og sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá 4. júní 1982 frá Nýlendugötu 16 hér í borg áleiðis upp í Breiðholt, þar til lögreglan stöðvaði aksturinn á gatnamótum Kleppsvegur og Laugarnesvegur kl. 21:00 um kvöldið. Ákærði kvaðst hafa verið að skemmta sér kvöldið áður. Kvaðst hann hafa vaknað rétt fyrir hádegi og þá fundið enn til lítilsháttar áfengisáhrifa. Kvaðst hann hafa einhvern tíma eftir hádegið drukkið einn bjór og ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Ákærði neytti ekki áfengis við aksturinn eða eftir að honum lauk.

Í þágu rannsóknar málsins var ákærða tekið blóð til alkóhólrannsóknar kl. 21:40 sama kvöld. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 1,29‰.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar og eigin framburði ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að ákærði hafi gerst sekur

um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsíakvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum refsingum:  
1978 21/12 í R.vík: Sátt, 100.000 kr. sekt f. brot g. 259. gr. hgl. og 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 12 mán. frá 21/12 1978.

1980 5/5 í R.vík: Sátt, 250.000 kr. sekt f. brot g. 259. gr. hgl., 25., 27. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi 12 mán. frá 5/5 1980.

1981 19/5 R.vík: Sátt, 3000 kr. sekt f. brot g. 27. og 48. gr. umfl.

1981 13/10 R.vík: Sátt, 5000 kr. sekt f. brot g. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi 12 mán. frá 25/9 1981.

1982 4/6 R.vík: Dómur: 8.000 kr. sekt f. brot g. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umfl. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá 4.6. '82.

1983 1/12 R.vík: Sátt, 12.000 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.

1984 11/7 R.vík: Dómur: 24.000 kr. sekt f. brot g. 25. og 27. gr. umfl.

Dómssáttirnar frá 5. maí, 19. maí og 13. október 1980 (sic) og 1. desember 1983 og dómarnir frá 4. júní 1982 og 11. júlí 1984 hafa ítrekunaráhrif á brot ákærða, sem hér er fjallað um, samkvæmt 71. gr. alm. hegningarlaga nr. 19, 1940.

Ákærði hefur með greindri háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 54, 1976. Með hliðsjón af sakarferli ákærða þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald í 60 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt, og verður honum því ekki gerð frekari ökuleyfissvipting.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðni Falur Stefánsson, sæti varðhaldi 60 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.